DV

Sviðsljós



Helga Kristinsdóttir, Íris Stefánsdóttir og Alma María Rögnvaldsdóttir gáfu körlunum frí á laugardagskvöld og fóru út á lífið.



Haukur Jacobsen og Jón Ragnar Jónsson fara af landi brott í næstu viku og ákváðu því að taka skemmtanalífið með trompi þessa helgi.



Ragnheiður Jóhannesdóttir og Ragna Reynisdóttir sögðust hafa saknað Casablanca á meðan það var í frii.

Komin úr frii

Flestum Íslendingum finnst nauðsynlegt að taka sér frí yfir sumartímann til að nýta sumarið betur. Starfsfólk skemmtistaðarins Casablanca er engin undantekning á því og því fór staðurinn í nokkurra vikna frí sem lauk um helgina. Fullt var út úr dyrum og gestir greinilega ánægðir með opnunina. HMR



Elfa, Lísa, Jóhanna og Lilja brosmildar og sætar í Casablanca á laugardagskvöld.



Arnþór Pálsson og Sigurður Rúnar.



Göngugarpurinn Stefán Jasonarson ásamt konu sinni, Guðfinnu Guðmundsdóttur. Stefán lauk göngu sinni kringum landið á föstudag en ætlaði ekkert að slaka á því á sunnudag tóku þau bæði þátt í skemmtiskokkinu í Reykjavíkur-Maraþoninu.




Úlla Kjarval, dótturdóttir Louisu, Gunnar B. Kvaran, forstöðumaður Listasafns Reykjavíkurborgar, Louisa Matthíasdóttir, Markús Örn Antonsson borgarstjóri og kona hans, Steinunn Ármannsdóttir.

Louisa, Daníel og Þorsteinn á Kjarvalsstöðum

Það var mikið um að vera á Kjarvalsstöðum á laugardag þegar þrjár nýjar listsýningar voru opnaðar. Þar bar hæst opnun sýningar á verkum Louisu Matthíasdóttur en þetta er í fyrsta sinn sem Íslendingum gefst kostur á að sjá yfirlitssýningu á verkum hennar. Sýningargestir geta séð hvernig list Louisu hefur þróast með árunum en elsta myndin var máluð fyrir rúmum fimmtíu árum en sú nýjasta er frá því í ár.

Í austursal Kjarvalsstaða var opnuð sýning á verkum Daníels Magnússonar en í miðrýminu var opnuð sýning á ljóðum Þorsteins frá Hamri. Allar þessar sýningar eru opnar daglega frá 10–18.

-HMR



Júlíus Hafstein borgarfulltrúi og Thor Vilhjálmsson rithöfundur voru á meðal gesta við opnun sýningar Louisu Matthíasdóttur.



Daníel Magnússon sýnir í austursal Kjarvalsstaða hér er hann ásamt þeim Haraldi Jónssyni og Stefáni Jónssyni.



Ada Eltvik og Norma Aadland komu frá Bergen en u.þ.b. 300 manns komu frá Norðurlöndunum til að taka þátt í Fimleikum í norðri.

Fjör á hlöðuballi

Í tengslum við Fimleika í norðri, samnorrænt mót fyrir 60 ára og eldri, var haldið fjölmennt hlöðuball í Laugardalshöllinni á laugardagskvöld. Eins og gefur að skilja er ekki hægt að halda hlöðuball án heysins og því var nokkrum myndarlegum böggum komið fyrir uppi á sviði og síðan var dansinn stigin.

Það er óhætt að segja að þátttakendur hafi verið vel með á nótunum og það skipti ekki máli hvort um var að ræða diskódans, þjóðdans eða vínarvals, alltaf var gólfið þéttskipað og ekki að sjá að aldurinn væri farinn að færast yfir fólk.

-HMR



Charlie Umgren, Ralf Rönns og Håkan Henrikson komu í 24 manna hópi frá Helsinki. Karlmenn voru í minnihluta á hlöðuballinu svo þeir félagar höfðu í nógu að snúast um kvöldið.



Ragna Skagfjörð og Haraldur Gíslason í góðri sveiflu. Það var sama hvað dansinn hét – þau kunnu hann alltaf.

Hreinsun loftræstikerfa

Hreinsum loftræstikerfi í fjölbýlishúsum, einbýlishúsum, fyrirtækjum og skipum.

LOFTRÆSTITÆKNI
LOFTKERFAHREINSUN

Sími 651285, 985-36290, 984-54586.

Leikskólar Reykjavíkurborgar

Fóstrur, þroskaþjálfar eða fólk með uppeldismenntun óskast til starfa á eftirtalda leikskóla:

Árborg v/Hlaðbæ, s. 814150
Dyngjuborg v/Dyngjuveg, s. 38439
Fálkaborg v/Fálkabakka, s. 78230
Fellaborg v/Völvufell, s. 72660
Fífuborg v/Fífurima, s. 684515
Hálsakot v/Hálsasel, s. 77275
Seljaborg v/Tungusel, s. 76680
Sunnuborg v/Sólheima, s. 36385
Völvuborg v/Völvufell, s. 73040
Ægisborg v/Ægisíðu, s. 14810
Ösp v/Asparfell, s. 74500

Eingöngu í 50% starf e.h. á leikskólana:

Arnarborg v/Maríubakka, s. 73090
Holtaborg v/Sólheima, s. 31440

Einnig vantar fólk með sömu menntun á skóladagheimilið
Heiðargerði, Heiðargerði 38, s. 33805.

Nánari upplýsingar gefa viðkomandi leikskólastjórar og forstöðumenn.

Leikskólinn Sæborg

Fóstrur, þroskaþjálfar eða fólk með uppeldismenntun óskast til starfa á nýjan leikskóla, **Sæborg v/Starhaga.**

Upplýsingar gefur Þuríður Pálsdóttir leikskólastjóri í síma 623664.

Dagvist barna
Hafnarhúsinu, Tryggvagötu 17, sími 27277.

TELKO®
ÖRYGGISKERFI
EINFALT ÓDÝRT ÖRUGGT

Infrarauður geisli skynjar hreyfingu í allt að 20 metra fjarlægð.


Upplýst mælaborð.

Einfalt að breyta leyninúmeri.

110 DB vælistyrkur.

9 v. rafhlaða eða RS breytir.

TELKO model S008



ÖRYGGI ER MIKILS VIRÐI

FACO
LAUGAVEGI 89 · ☎ 613008